

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/485
komudagur 28.11.2011

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík



Reykjavík 28. nóvember 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum. Þskj. 63 - 63. mál.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999 og hafa eftirfarandi athugasemdir.

SAF vilja koma því á framfæri að þau telja rétt að beitt sé ströngum viðurlögum við ólögmatum akstri utan vega enda náttúran eitt helsta aðdráttarafl innlendra sem erlendra ferðamanna. SAF taka að öðru leyti ekki afstöðu til umfangs þeirra refsinga sem beitt er vegna utanvegaaksturs. Hins vegar er nauðsynlegt að taka fram að kortagrunnur varðandi vegi og vegslóða er ófullkominn og geta komið upp tilvik þar sem aðilar eru dæmdir til sekta að ósekju. SAF telja því eðlilegt að breytingar á refsíákvæðum laganna verði gerðar samhliða útgáfu nýs kortagrunns.

Samtökin mótmæla alfarið áformum í frumvarpinu um heimild til upptöku ökutækja og benda á að ökutæki geta verið í útleigu sbr. bílaleigubílar eða eigandi bifreiðar og ökumaður ekki sami aðilinn. Að auki geta ökutæki verið í mismunandi ásigkomulagi og gríðarlegur munur á andvirði þeirra. SAF telja að einfaldast sé að binda utanvegaakstursbrot við gerandann og beita hann sektum eða öðrum viðurlögum.

Virðingarfyllst

Samtök ferðaþjónustunnar
Gunnar Valur Sveinsson